

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
b.t. Eiríks Áka Eggertssonar.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24.06.2009

Efni: Athugasemd við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þskj. 155, 118. mál.

Mig langar að gera eftirfarandi athugasemdir við þær tillögur sem koma fram í 19. gr. IX kafla frumvarpsins, er varða lækkun á mánaðarlegrri hámarksgreiðslu til foreldra barna sem fæðast, eða eru frumættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. júlí 2009 eða síðar.

Í fyrsta lagi þá koma hámarks- og lágmarksgreiðslur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert, samkvæmt 1. ml. 7. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. Félags- og tryggingamálaráðherra er þó heimilt, með samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga, sbr. 2. ml. 7. mgr.. Ef fyrirhuguð lækkun mun taka gildi innan árs frá fyrri breytingum, er því óvíst hvort fullnægjandi lagastoð sé fyrir henni, þar sem 2. ml. 7. mgr. 13. gr. laganna felur einungis í sér heimild ráðherra til hækkunar á greiðslufjárhæðinni. Ekki er hægt að túlka 2. ml. 7. mgr. 13. gr. svo rúmt að hún taki einnig til lækunar á umræddi fjárhæð, og er þar af leiðandi ekki hægt að fallast á lögmati lækkunarinnar.

Í öðru lagi var upphæð mánaðarlegrar hámarksgreiðslu til foreldra barna fæddra árið 2009 lækkuð úr kr. 535.700 í kr. 400.000, eða um 25,3% þann 29. desember síðastliðinn. Verði upphæðin síðan lækkuð niður í kr. 350.000, eða um 12,5% til viðbótar, þá þýðir það 34,7% lækkun á rúmlega hálfu ári, sem verður að teljast töluvert í ljósi þess að síðustu 12 mánuði hefur kaupmáttur launa dregist saman um 6,8% samkvæmt Hagstofu. Þar sem fyrirhugaðar breytingar eru íþyngjandi fyrir barnafjölskyldur ber löggjafanum að gæta meðalhófs í aðgerðum sínum. Í ljósi fyrri lækkana, og hversu stutt er síðan þær komu til framkvæmdar, er vart hægt að fallast á að stjórnvöld séu að gæta meðalhófs verði upphæðin lækkuð enn frekar að svo stöddu.

Í þriðja lagi hefur framkvæmd breytinga á upphæðum greiðslna úr fæðingarorlofssjóði átt sér stað við afgreiðslu fjárlaga um áramót. Foreldrar barna fæddra sama ár hafa því getað treyst því að jafnræðis sé gætt sé milli þeirra varðandi upphæðir á hámarks- og lágmarksgreiðslum úr sjóðnum. Eins má ekki gleyma því að varðandi foreldrar barna fæddra 2009 hafa lögmatar væntingar til ákveðinna greiðsla úr sjóðnum út frá gildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof og þeirri upphæð hámarksgreiðslu sem samþykkt var í fjárlögum fyrir árið 2009. Komi lækkun mánaðarlegrar hámarksgreiðslu til framkvæmdar á miðju ári er því vart hægt að sjá að jafnræðis sé gætt.

--

Virðingarfyllt,
Halldóra Inga Ingileifsdóttir